Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 54

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bnf. 10/9 '10
By. 16

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar
## 10. sept. 1910

---

Ár 1910, laugard. 10. sept var haldinn fundur í byggingarnefndarinnar og gjörðist þá það er hjer segir:

1. Magnúsi bæjarfulltr. Blöndahl leyft að setja 3 kvistglugga á austurhlið þaksins á húsi hans Lækjarg. 6B og 1-2 á vesturhlið þaksins. Gluggarnir sjeu 2°x3° á stærð.
2. Bergi Einarssyni, sútara leyft að byggja sútunarhús 15°x12° með skúr við 8°x5° á lóð sinni (Litlubæjarlóð), er hann keypti af bænum. Undanþágu að því er eldvarnarvegg snertir, vill nefndin ekki mæla með, nje heldur að því gildleika eða traustleika viða áhrærir, en beiðandi getur samkvæmt samþykktinni notað 5"x6" tré, ef þau er sett nógu þjett
3. Steingrími Guðmundssyni snikkara leyft að breyta herbergjaskipun á 2. lopti í húsi hans nr. 4 í Kirkjustræti samkvæmt uppdrætti, gjöra tvöfalt gólf og stækka bakskúrinn við húsið um 1½ al. til suðurs og hækka hann um 3¼°, og setja á hann stiga að húsinu. Skúrinn verður þá 3½° frá austri til vesturs og 4¼° frá suðri til norðurs.
4. Ólafi Sveinssyni, gullsm. leyft að setja 3. kvistinn framan á hús sitt í Austurstræti 5, milli hinna tveggja kvistanna er fyrir eru.
5. Guðm. hjeraðslækni Hannessyni leyft að byggja skúr úr T-steinum við suðurhlið húss hans við Hverfisgötu, tilraunahús fyrir gaseldun, sömuleiðis steingirðingu suður af vesturgafli hússins með Ingólfsstræti. Samþykkt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að mæla með undanþágu frá að stoppa millilopt í 3 herbergjum í húsinu, gegn því að linoleum og nýr pappalög verði ofan á gólfinu.-

6. Samþykkt að mæla með því, að Árna Eiríkssyni, verzlunarm. verði veitt undanþága frá að byggja eldvarnarvegg við austurgafl anddyrisskúrs þess, er honum var leyft að byggja 2. júlí þ.á. (sbr. fundargjörð þann dag nr. 8). Eigandi lóðarinnar að vestan hefur lýst sig samþykkan undanþágunni, enda er þar þegar ákveðinn eldvarnarveggur.-

7. Breytingar á gluggum, samkvæmt uppdrætti leyfðar á efra lopti í húsi ekkjufrú Kristínar Ólafsdóttur, nr. 1 í Austurstræti.-

8. Kristjáni konsúl Þorgrímssyni leyft að stækka glugga á pakkhúsi hans við nr. 10 í Kirkjustræti og setja þar reykháf.-

Allir á fundi nema K. Zimsen og Rögnvaldur Ólafsson.-

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kr. Gunnarsson　　Jón Jensson

Sig. Thoroddsen　　G. Olsen.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

... ar þvi er eld
... slíti andla m
... a kranstleika
... ðar kvemt var st
... þau er sett
... ni Guðmunds
... jaskipunn á 2
... strati samb
... stærra bak
... urt og hæ
... tiga að hús
... í til veðu
... mæðgni, gu
... á hús s
... eggja."
... ratsl.
... T. Blein
... ismjöt
... tir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristjan Thorgrimsson
Kungl. Svensk V. Konsul
Kirkjustræti 10
Telegramadresse: Thorgrimsson
Telefon 35 Box B. 25

Reykjavik 3. September 1910

Jeg leyfi mjer hjermeð, að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd um leyfi til að stækka gluggana á pakkhúsi mínu, og sömuleiðis gera skorstein í sama pakkhúsi.

Virðingarfyllst.
Kristján Þorgrímsson



Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rok. 644/1910 By. 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í fjarveru ekkjunnar Kristínar Ólafsdóttur í Nesi við Seltjörn, leyfi jeg mjer undirritaður, sem hef tekið á leigu íbúðina í efra lofti í Austurstræti 1., að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd að hún vilji leyfa mjer breytingu á gluggunum á efra loftinu í nefndu húsi samkv. meðfylgjandi uppdrætti.

Þess skal getið að leigusamningurinn annars heimilar mjer breytingu þessa frá ekkjunnar hálfu.

Reykjavík, 9. Sept 1910
Jón Björnsson
Vesturgötu 4.

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Sch. 643/910 B.T. 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni Eiríksson

Reykjavík    Ísland

Reykjavík 10. September 1910

Með brjefi Borgarstjórans í Reykjavík dags. 8. Júlí þ.á., er mjer veitt heimild til, að byggja skúr (anddyri) 2 al × 5 17/24 al. austan við hús mitt í Vesturgötu 18, með eldvarnarvegg að austanverðu. —

Við nákvæmari íhugun hefi jeg fundið, að þessi eldvarnarveggur mundi mjög óprýða húsið, og hann ekki vera beinlínis þörf, eptir kringumstæðunum, þar sem ákveðið er að hús það sem byggja á, á lóð dánarbús C. Th. Frederiksens bakarameistara skuli vera með eldvarnarvegg á gafli þeim sem snýr að minni lóð.

Þessi fyrirhugaði skúr verður 1 al. og 6 þumlungar frá hinni nýju götu sem liggur á milli lóðar minnar og lóðar dánarbúsins. Það verða því 5 1/4 al. á milli lóðanna. —

Það eru því mín vinsamlegustu tilmæli til hinnar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkur, að hún vilji veita mjer undanþágu frá að byggja þennan eldvarnarvegg, en veita mjer leyfi til að byggja hann úr timbri, járnklæddan og hafa glugga á honum.

Jeg leyfi mjer að leggja hjer með yfirlýsingu skiptaforstjóranna í dánarbúi C. Th. Frederiksens um það, að frá búsins hálfu sé ekkert því til fyrirstöðu að mjer verði veitt þessi undanþága

B. Rvk. 642/1910 B.J. 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mjög kært væri mjer að mál þetta yrði tekið fyrir á fundi bygginganefndarinnar í dag

Með embl. virðingu
Árni Eiríksson

Til
Bygginganefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 8. Sept. 1910.

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara fram á að byggingarnefnd leyfi mjer að byggja skúr við hús mitt og garðporta sem meðfylgjandi uppdrættir sýna.

Skúrinn sem jeg ætla að byggja við suðurhlið húss míns við Hverfisgötu er ætlaður fyrir gaseldhús. Veggina ætla jeg að ~~[illegible]~~ úr steyptum T steinum og stoppa holrúmið. Gjöri jeg þetta sem tilraun, því jeg hygg að slíkir veggir geti orðið betri en þeir sem nú tíðkast einkum í sveitum.

Girðingin er áframhald kjallaraveggjanna meðfram Ingólfsstræti. Er ætlast til að hún verði af sömu gjörð og kjallaraveggirnir.

Ennfremur vil jeg biðja byggingarnefnd að veita mjer undanþágu undan því ákvæði að stoppa millilopt í 3 herbergjum í húsi mínu. Gjöri jeg þetta til þess að loftbjálkar sjáist. Ofan á gólfið legg jeg síðan linoleum og undir það svo mörg pappalög að nægi til þess að ekki verði kalt nje hljóðbært. Er slíkt fyrirkomulag hvorki brunahættara nje athugavert frá heilbrigðislegu sjónarmiði.

Virðingarfyllst

Guðm Hannesson.

Til byggingarnefndar Rvk.

B. Rvk. 6/10 1910 B. Till.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer, að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur, að mjer sje leyft að setja ~~sjerstak~~ kvist á suðurhlið hússins Austurstræti 5, milli þeirra tveggja kvista er áður samþyktur uppdráttur sýnir. Þessi kvistur er nauðsynlegur þar eð forstofa uppi fær birtu sína frá honum og þess skal getið að nefndur kvistur alls eigi veikir húsið. Á umræddum kvisti hefur þegar verið byrjað en áður var haft tal af byggingarfulltrúa bæjarins og hann fyrir sitt leyti áleit ekkert kvisti þessum til fyrirstöðu.

Virðingarfyllst

Ólafur Sveinsson

Til

háttvirtrar byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 640/1910 B.J. 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð tilkinnist;
hinni heiðruðu Byggingarnefnd
að jeg hefi áformað að breita
innrjettingu á 2 lofti í húsinu
nr. 4 í Kirkjustr. eftir þvi sem
meðfylgjandi uppdrættir sínir
enfremur gjöra tvöfalt gólfið
og stækka bakskúrinn svo
stega verði komið fyrir í hann
og verður hann þvi að stækka um
1½ al á annan veginn og lækka um
3°6" nú er hann 9 al 16 tommur
yrði 12 al. 22 tomm á hæð,

Rvík 9 Septemb 1910

Steingr. Guðmundsson

Til Byggingarnefndarinnar í Rvík

B. Rvk. 639/1910 By. 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Bergur Einarson**
sútari

Reykjavík ................ 19
Ísland

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð að sækja til byggingarnefndarinnar í Reykjavík um leyfi til að byggja sútunarskýli á lóð þeirri (Litlabæjarlóð), er Bæjarstjórnin hefir samþykkt að selja mjer, og óska jeg samþykktar hennar á teikningu af skýl~~inu~~, er jeg leyfi mjer að láta fylgja hjermeð. Líka vil jeg leyfa mjer að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd um undanþágu frá að nota jafnsvera innviðu og Byggingarsamþykktin ákveður að eigi að vera í íbúðarhúsum. Jeg vil taka það fram að bitar verða þó ekki rýrari en 5×6 og allflestir stafir 5×5.

Ennfremur vil jeg mega beiðast þess, að mega byggja á takmörkum lóðarinnar að vestan; en skuldbind mig jafnframt að byggja brandgafl, er byggingarnefndinni þurfa þykir, ef það kemur í bága við byggingu, er kann að verða reist á lóðinni fyrir vestan. Lóðin fyrir vestan takmörk þau, er jeg óska að fá byggt á, er minst 40 álnir vestur að bænum Sandi.

Að endingu óska jeg að fá þetta til lykta leitt á næsta bæjarstjórnarfundi, því jeg hefi þegar ráðið smiði.

Virðingarfyllst

Reykjavík 10. september 1910

Bergur Einarsson

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 638/1910 By. 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 8 Sept. 1910.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst að beiðast leyfis hinnar háttvirtu byggingarnefndar til þess að setja 3 kvistglugga á austurhlið þaksins á húsi mínu N 6 B í Lækjargötu og ennfremur einn eða tvo kvistglugga á vesturhlið þaksins á sama húsi.
Stærð gluggana yrði hjerumbil 2 a. á breidd og 3 a. á hæð.

Virðingarfyllst

Magnús Blöndahl

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

B. ~~Reyk.~~ 637/1910 Bx 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur